



Alþingi  
**Velferðarnefnd**  
Sent rafrænt á nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 12. mars 2021

**Efni: Mál 346, Þingsályktunartillaga um samræmda niðurgreiðslu hjálpartækja fyrir heyrnar- og sjónskert börn.**

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð telur tillögu um þingsályktun um samræmda niðurgreiðslu hjálpartækja fyrir heyrnar- og sjónskert börn ánægjulega. En telur þörf á að leiðrétta að það séu ekki mismunandi reglur um þátttöku í niðurgreiðslu eftir því hvort sé um að ræða heyrnartæki eða gleraugu ef einstaklingur hefur verið skilgreindur með sjónskerðingu eða heyrnarskerðingu.

Öll börn sem eru með sjónskerðingu fá gleraugu hjá þjónustu- og þekkingarmiðstöð. En samkvæmt lögum um stofnunina felur sjónskerðing í sér að læknisfræðileg greining sýnir að sjón einstaklings er minni en 30% á betra auga, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 20 gráðu sjónsvið, eða ef starfrænt mat sýnir erfiðleika vegna sjónskerðingar með lestur 10 punkta leturs með venjulegum sjónglerjum, með athafnir daglegs lífs og umferli. Börn sem falla undir þessa skilgreiningu fá afhent gleraugu sér að kostnaðarlausu líkt og þekkist með heyrnartæki.

Í reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði á gleraugum er þjónustu- og þekkingarmiðstöð falið að annast gleraugnaendurgreiðslur. Það eru börn sem falla fyrir utan skilgreininguna að vera sjónskertur. Frá 2005 hefur sú upphæð verið sú sama og fagnar Miðstöðin því að verið sé að gera tillögur um breytingar, þar sem mikil óánægju hefur gætt hjá þeim sem óska eftir endurgreiðslu að ekki sé tekið tillit til raunkostnaðar að eiga barn sem þarf að nota gleraugu.

Ef farið verður í að auka þátttöku ríkisins í gleraugnaendurgreiðslum þarf að gæta að því að það fjármagn sé ekki tekið af lögbundinni þjónustu stofnunarinnar við blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón og heyrnarskerðingu. Núverandi fjárhæð sem fer beint í endurgreiðslur er um 32 milljónir og það er ljóst ef að ætti að endurgreiða kostnað vegna gleraugna að fullu að slíkt færi í sér auka framlag upp á 120 milljónir.

f.h. Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar

Elfa Svanhildur Hermannsdóttir, forstjóri

---

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heymarskerðingu.

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800 | Fax 568 8475 | [midstod@midstod.is](mailto:midstod@midstod.is) | [midstod.is](http://midstod.is)